

Nd.

262. Frumvarp

til laga um lögreglusamþyktir i löggiltum verslunarstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í löggiltum verslunarstöðum, sem ekki eru hreppsþjelög út af fyrir sig, og þannig ekki njóta heimildarlaga nr. 18, 20. okt. 1905, til þess að gera lögreglusamþyktir, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leyft vera að gera samþykt um meðferð skepna, þar með taldir alifuglar i kaupþúnum, til þess að varna því, að tjón eða skemdir hljótist af því, að skepnur gangi lausar eða i vanhírðu, með því að fyrirskipa vörslu á þeim á ákveðnum árstímum.

Hreppsnefnd sendir sýslunefnd frumvarp að samþyktinni, og fallist hún á það, seudist það stjórnarráðinu, er veitir því gildi með staðfestingu sinni.

2. gr.

Tiltaka má í samþyktnni sektir, alt að 200 krónum, fyrir brot á henni, og renna þær í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Lög nr. 18, 20. okt. 1905, sem veita heimild til þess að gera lögglusamþykktir utan kaupstaða, ná aðeins til kauptúna og verslunarstaða, sem eru hreppfjélag út af fyrir sig. Smærri kauptún og verslunarstaðir geta ekki notað þessa heimild, en það þykir nauðsynlegt að veita þeim heimild til þess að koma á samþykktum til varnar eignum manna fyrir átroðningi alifugla og annara skepna. Viða hagar svo til, að maljurtagörðum og öðrum eignum manna stafar mikil hættu af slikum átroðningi.

Á frumvarp þetta að bæta úr þessu.